MENNING

Að skynja rýmið

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsið

RÝMISINNSETNING – KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR

Opið alla daga kl. 10–17. Sýningu lýkur 3. október.



Frá sýningu Katrínar Sigurðardóttur í Hafnarhúsinu.

KATRÍN Sigurðardóttir, sem er fædd árið 1967, er búsett í New York og er á meðal virtustu skúlptúrista sinnar kynslóðar á Íslandi. Virðist hún líka vera að gera það ágætt á erlendri grund þótt svolítið smit af Garðar Hólm-einkenninu greinist stundum í kynningu og umfjöllun um listakonuna. En það er önnur saga og ekki við listakonuna sjálfa að sakast í þeim efnum.

Katrín sækir fyrirmyndir sínar jafnan í íslenskt landslag. Birtist landslagið í verkum hennar sem endurminning frekar en endurgerð og, eins og Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, orðar það í inngangi sínum í sýningarskrá sem gefin er út vegna yfirstandandi sýningar Katrínar í C- og D-sal í Hafnarhúsinu, þá eru verk hennar eins konar „kortlagning ferðalaga í tíma og rúmi“.

Það fyrsta sem sló mig við skoðun sýningar Katrínar í Hafnarhúsinu var næmi listakonunnar fyrir samþættingu listaverks og listrýmis. Um er að ræða ójafnan vegg, sem minnir stundum á fjallstoppa eða ísjaka og samlagast veggurinn listrýminu að hluta, er þá sem hluti af rýminu, en annars staðar er hann eins og lítið módel inni í rýminu.

Annað sem sló mig var sterkt samspil listaverks og listrýmis við listáhorfandann, þar sem rýmisskynjun hans er breytileg eftir staðsetningu hans. Kom mér í huga kenning Martins Heideggers að rými sé ekki til fyrr en manneskja kemur inn í það. Hið sama má auðvitað segja um listaverk. Listin þarf jú á áhorfanda að halda til að virka. Hvort Katrín hafi meðvitað tekið upp hugmyndir Heideggers eða ekki þá er slík hugsun gegnumgangandi í þeim verkum og sýningum sem ég hef séð eftir hana og finnur maður mjög sterklega fyrir þessu á sýningunni í Hafnarhúsinu. Sýningargestur kveikir lífið í listaverkinu um leið og hann gengur inn í listrýmið. Skynjun hans breytist síðan í samræmi við hlutföll listaverksins í listrýminu og þá skynjun hans á eigin hlutföllum, sem samræmist einnig kenningu Heideggers að manneskjan byggi tilvistarlegan skilning sinn jafnt á líkamanum og rýminu sem umlykur hann. Ekki að ástæðulausu að rýmið hafi verið eitt meginviðfangsefni myndlistarmanna síðastliðin 50 ár eða svo.

Þroskuð tilfinning fyrir rými er mikilvæg fyrir þroska mannsins. Rýmisgreind er líka ein af lykilgreindum mannsins sem bandaríski sálfræðingurinn Howard Gardner hefur sett fram í fjölgreindakenningu sinni sem margir skólar hafa þegar innleitt í kennslu hérlendis og erlendis. Einn þáttur í greindarprófum Gardners er að leysa þrautir í rými sem er einmitt það sem myndlistarmenn gera þegar þeir standa inni í tómu listrými, hvítmáluðum kubb, og búa sig undir að skapa sýningu. Leysir Katrín þá þraut mjög fagmannlega og með metnaðarfullum en einföldum hætti ögrar hún skynjun manns á rýminu og þá tilvistarlegum skilningi, sbr. kenningu Heideggers.

Jón B.K. Ransu

mbl.is GAGNASAFN MORGUNBLAÐSINS

Árskortatilboði framlengt til 15.sept.!
Áður 49.900 kr.
25% afsláttur í til 15.sept.
37.500 eða 3.125 á mánuði miðað við vaxtalausar greiðslur VISA eða Mastercard í 12 mánuði.
Jóga hjá Guðjóni Bergmann
Ármúla 38 - sími 517-3330
Skoðaðu stundaskrána!
www.gbergmann.is



GAGNASAFN MORGUNBLAÐSINS mbl.is

Námskeið á haustönn
Fjöldi skemmtilegra námskeiða á haustönn 2004
Listir og menning

Don Kíkóti 10 st.
Námskeið haldið í samvinnu við Borgarleikhúsið
Guðbergur Bergsson
Mi. kl. 20:15-22:15 (4 vikur frá 6. okt.)

Háborgin Spánar... 5 st.
-Madrid í máli og myndum
Kristinn R. Ólafsson
Þri. 12. og 19. okt. kl. 20-22
Nýtt

Leiklistarnámskeið
– til skemmtunar og uppbyggingar 24 st.
Námskeið haldið í samvinnu við Borgarleikhúsið
Pétur Einarsson
Þri. kl. 20-22:15 og lau. kl. 13-15:15
(4 vikur frá 5. okt.)

Menningarheimur Araba 10 st.
Jóhanna Kristjónsdóttir
Fi. kl. 20:30-22 (5 vikur frá 23. sept.)

Sýrland – Líbanon 3 st.
Jóhanna Kristjónsdóttir
Fi. 4. nóv. kl. 19:45-22

Söngnámskeið 20 st.
- Byrjendur - Grunnur í söng og raddþjálfun
Ingveldur Ýr Jónsdóttir
Fi. kl. 18:30-20 (10 vikur frá 23. sept.)
-Söng- og raddþjálfun fyrir lengra komna
Fi. kl. 20-21:30 (10 vikur frá 23. sept.)

Teikning I 40 st.
Ína Salóme Hallgrímsdóttir
Þri. kl. 19-22 (10 vikur frá 21. sept.)

Myndlist 40 st.
-Teikning, málun, formfræði og fjarvídd
Ásta Ólafsdóttir
Lau. kl. 13-16 (10 vikur frá 25. sept.)

Vatnslitamálun 32 st.
Harpa Björnsdóttir
- Byrjendur mi. kl. 19-22 (8 vikur frá 29. sept.)
- Framhald lau. kl. 10-13 (8 vikur frá 25. sept.)

Olíumálun 32 st.
Harpa Björnsdóttir
Fi. kl. 19-22 (8 vikur frá 30. sept.)

Málun, frh. 32 st.
-Olíu- og akrýlmálun
Harpa Björnsdóttir
Má. kl. 19-22 (8 vikur frá 27. sept.)

Pastelmálun 32 st.
Birgir Rafn Friðriksson
Mi. kl. 19-22 (8 vikur frá 29. sept.)
Nýtt

Textílmálun 20 st.
- Málun á bómull og silki
Hrönn Vilhelmsdóttir
Fi. kl. 19-22 (5 vikur frá 30. sept.)

Glermótun 20 st.
Brynhildur Þorgeirsdóttir
-Byrjendur 1.-11.okt.
-Framhald 5.-15. nóv.
Nýtt

Leirlist 21 st.
Olga S. Olgeirsdóttir og
Margrér R. Kjartansdóttir
Má. kl. 19:30-21:30 (8 vikur frá 27. sept.)

Myndlist fyrir börn 6-12 ára 21 st.
Svanhildur Vilbergsdóttir
Ásta Ólafsdóttir
Lau. kl. 10-12 (8 vikur frá 25. sept.)

Leiklist fyrir börn 6-12 ára 16 st.
Margrét Pétursdóttir
Ólöf Sverrisdóttir
Fi. kl. 17-18:30 (8 vikur frá 30. sept.)

Leynist í þér leikari?
Lærðu leiklist hjá Pétri Einarssyni

MÍMIR SÍMENNTUN
www.mimir.is

Gjafabréf
Upphæð að eigin vali

Innritun fer fram á Grensásvegi 16A, í síma 580 1800 eða á heimasíðunni www.mimir.is

Þátttökugjald greiðist áður en námskeið hefst.
Námskeiðshald er háð lágmarksþátttöku.

